REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

# Reglur Tómstundasjóðs Reykjanesbæjar

## 1. grein
Sjóðurinn heitir Tómstundasjóður Reykjanesbæjar og er í vörslu bæjarsjóðs.

## 2. grein
Sjóðurinn veitir styrki og viðurkenningar eftir nánari ákvörðun íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, ÍT.

## 3. grein
Markmið sjóðsins er að styrkja virk tómstundafélög og bandalag þeirra í bæjarfélaginu til að halda uppi öflugu félags- og tómstundastarfi. Að öðru jöfnu skulu aðildafélög Tómstundabandalags Reykjanesbæjar (TRB) hafa forgang vegna styrkveitinga úr sjóðnum.

## 4. grein
ÍT ráð og íþrótta- og tómstundafulltrúi úthluta styrkjum úr sjóðnum. Heimilt er að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun hverju sinni, en getur einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsóknar að eigin frumkvæði.

## 5. grein
Tekjur Tómstundasjóðs eru sem hér segir:

- Árlegt framlag bæjarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun
- Frjáls framlög
- Vaxtatekjur

## 6. grein
ÍT hefur umsjón með Tómstundasjóði og skal birta uppgjör hans árlega með reikningum bæjarsjóðs.

## 7. grein
Reglugerð þessi tekur gildi þegar bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur staðfest hana.

Samþykkt á ÍT fundi 14. október 2006.